

Föstudaginn 13. mars 1992.

Nr. 89/1992. **Werner I. Rasmusson**

gegn

Sigurjóni M. Egilssyni og**Blaði hf.**

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. febrúar 1992. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1992 í bæjarþingsmálinu nr. 17006/1990. Kæruheimild er í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að aðalflutningur málsins fari fram sem fyrst og úrskurður héraðsdómara um frestun málsins verði felldur úr gildi. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurðurinn verði staðfestur. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Georg Kr. Lárusson, settur borgardómari, kvað upp hinn kærða úrskurð.

I.

Hinn kærði úrskurður er án forsendna og hljóðar svo:

„Ú r s k u r ð u r:

Krafa stefndu um að máli þessu verði frestað óákveðið eða þar til niðurstaða liggur fyrir í máli ákærvalds gegn Jóni Grétari Ingvasyni er tekin til greina og er málinu því frestað um óákveðinn tíma.“

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður fyrir úrlausninni: „Í máli þessu krefst stefnandi þess aðallega, að nánar tilgreind ummæli stefnda Sigurjóns M. Egilssonar er birtust í blaðinu Pressunni sem gefið er út af fyrirtækinu Blaði hf., verði dæmd dauð og ómerk ásamt því sem stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða honum miskabætur.

Ákæra var gefin út á hendur Jóni Grétari Ingvasyni þann 18. október 1991. Ákæra þessi er í IV liðum. Ákært er fyrir fjárdrátt og brot á lögum um lyfjadreifingu, fjárdrátt og fjársvik, fjárdrátt og loks skjalafals.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 10. janúar sl. Aðalmeðferð málsins fór fram þann 27. nóvember sl. en dómari sá er hafði málið til meðferðar hefur nú horfið til annarra starfa. Af ofangreindum ástæðum ber nauðsyn til þess að aðalmeðferð máls þessa fari fram að nýju og var í því augnamiði boðað til fyrirtöku málsins þann 21. janúar sl. til umræðna um fyrirhugaða aðalmeðferð. Málinu var þá með samkomulagi aðila frestað til 28. janúar sl. Í því þinghaldi kom fram krafa af hálfu stefndu um að málinu væri frestað þar til niðurstaða lægi fyrir í máli ákærvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni.

Ástæður dómara fyrir þeirri niðurstöðu að fresta málinu þar til niðurstaða í ofangreindu máli liggur fyrir eru þessar:

Ummæli þau sem krafist er ómerkingar á og miskabóta fyrir, fjalla öll um viðskipti stefnanda og ákærða Jóns Grétars. Telja má líklegt að niðurstaða í máli ákærvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni kunni að hafa áhrif á niðurstöðu þess máls sem hér liggur fyrir.

Með vísan til ofanritaðs og 2. mgr. 117. gr. 1. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, þykir ekki rétt að aðalmeðferð málsins fari fram fyrr en dómur í máli ákærvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni liggur fyrir.“

II.

Blaðagrein sú, sem mál þetta er sprottið af, fjallar meðal annars um meint viðskipti sóknaraðila og Jóns Grétars Ingvasonar. Opinber ákæra var gefin út á hendur Jóni Grétari 18. október 1981, og snertir hún meðal annars viðskipti hans og Ingólfsapóteks, sem sóknaraðili rekur. Er ekki loku fyrir það skotið, að dómsrannsókn í því máli, sem rekið er fyrir sakadómi Seltjarnarness, geti haft þýðingu í bæjarþingsmálinu.

Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara, en þó þannig, að málinu sé einungis frestað, þar til lokið er dómsrannsókn í máli ákærvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni

Kærumálskostnaður ákveðst eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli nr. 17006/1990, sem rekið er fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, er frestað, þar til lokið er rannsókn fyrir dómi í máli ákæruvaldsins gegn Jóni Grétari Ingvasyni samkvæmt ákæru 18. október 1991.

Sóknaraðili, Werner I. Rasmussen, greiði varnaraðilum, Sigurjóni M. Egilssyni og Blaði hf., 20.000 krónur í kærumálskostnað.
